

Nd.

432. Frumvarp til laga

[206. mál]

um sérstakan útsvars- og skattfrádrátt aldraðra manna.

Flm.: Ingvar Gíslason, Jón Skaftason.

1. gr.

Hafi skattgreiðandi, sem eigi nýtur lífeyrissjóðsréttinda, náð 70 ára aldri, skal til viðbótar öðrum frádrætti draga sérstaklega frá tekjum hans, áður en tekjuskattur og útsvar er á hann lagt, 50 þús. kr., ef hann er einhleypur, en 75 þús. kr., ef hann á maka á lífi. Ákvæði þetta gildir ekki um þá, sem hafa með höndum sjálfstæðan atvinnurekstur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Margt er nú rætt um það, hvað gera megi öldruðu fólki til hagsbóta, og dylst ekki, að um ýmsar leiðir er að velja eftir því, hvernig á stendur. Mikilvægt er að koma upp dvalarheimilum, fyrir aldrað fólk, og hefur margt verið vel unnið á því sviði og nauðsyn þess máls yfirleitt átt hljómgrunn hjá ráðamönnum og almenningi í landinu. Hins vegar verður að hafa í huga, að aðeins lítill hluti aldraðs fólks er svo illa á sig kominn heilsufarslega, að því sé nauðsynlegt að vista sig á dvalarheimilum. Miklu stærri hluti aldraðs fólks getur að mestu séð um sig sjálft og æskir þess, sé þess nokkur kostur. Því verður einnig að hafa í huga þá lausn á hagsmunamálum aldraðra að gera þeim kleift, m. a. fjárhagslega, að dveljast sem lengst á eigin heimilum og koma þannig í veg fyrir þá röskun á heimilishögum, sem margt aldrað fólk verður að horfast í augu við, þegar starfsævi lýkur. Hér er fyrst og fremst um að ræða fólk, sem ekki nýtur neinna lífeyrissjóðsréttinda. Aðstaða lífeyrissjóðsfélaga er öll önnur, og er að jafnaði minni vandkvæðum bundið fyrir þá að sjá sér farborða í ellinni, þar sem þeir njóta einnig fulls ellilífeyris skv. almanna-tryggingalögum. En þeir, sem standa utan lífeyrissjóða, hafa ekki aðrar framfærslutekjur en hinn nauma ellilífeyri frá almanna-tryggingum. Ellilífeyrir einstaklings, sem byrjar að taka lífeyri 67 ára, er nú um 43 þús. kr. á ári, en hjónalífeyrir er rúmlega 77 þús. kr. Þessar tölur hækka nokkuð, ef menn fresta töku lífeyris fram yfir 67 ára aldur, t. d. mundi hjónalífeyrir þeirra, sem fresta töku hans til 70 ára aldurs, verða rúml. 103 þús. kr. á ári. Í reynd mun aðeins lítill hluti fólks fresta lífeyristöku fram yfir 67 ára aldurinn og nýtur því aðeins lágmarksupphæðanna.

Margt aldrað fólk er sæmilega vinnufært og flest ákaflega vinnufúst með eðlisgróna sjálfsbjargarviðleitni. Oft hefur verið mikil þörf fyrir vinnu aldraðra við ýmiss konar störf, m. a. uppskipunarvinnu, fiskvinnu og önnur framleiðslustörf og hvers kyns erfiðis- og óþrifaverk, sem aðrir hafa ekki viljað taka að sér. Vinna þessa fólks hefur lögum samkvæmt verið skattlögð að fullu, þó að í ýmsum tilfellum væri um að ræða menn, sem ekki áttu eftir annað en að ausa út síðustu dropum af líkamshreysti sinni, aldraða verkamenn, sem innan fárra ára hlutu að verða óvinnufærir fyrir aldurs sakir eða lítt eftirsóknarverðir á vinnumarkaði. Nú er engin ástæða til að leggja hindrun í veg þeirra, sem vilja vinna fyrir sér, þótt aldraðir séu, ef þeir eru til þess færir. Slíkt er tæpast mannúðlegt. Hins vegar er ærið tvíþent að skattleggja vinnutekjur slíkra manna.

Flm. þessa frv. leggja til, að öldruðu fólki, sem ekki nýtur lífeyrisréttinda, sé ívilnað í sköttum og útsvörunum eftir sjötugt. Meginröksemdin er sú, að þessu fólki yrði þá fremur kleift að leggja fyrir til síðustu æviára sinna nokkurt sjálfseignarfé, sem yrði því ómetanleg stoð og til öryggis afkomu þess, þegar starfsævi hlýtur óhjákvæmilega að ljúka, þótt annars endist líf og heilsa, auk þess sem slík ívilnun

er fullkomlega sanngjörn með tilliti til hinnar miklu rýrnunar peningagildis á undanfórnum árum, sem hvað harðast kemur niður á öldruðu fólki, sem leitast hefur við að spara til elliáranna.

Ekki teljum við mikla ástæðu til að ætla, að verulegir efnamenn nytu óverðskuldaðra fríðinda, ef þetta frv. yrði að lögum, en það gæti hins vegar hjálpað mörgum bjargálna manni og þeim, sem verr er megandi, til þess að sjá sér lengur borgið á eigin spýtur en ella mundi. Ekki mun þetta frv. heldur hafa neina úrslitabýðingu fyrir tekjumöguleika hins opinbera, því að hvort tveggja er, að ekki er hægt og varla sæmandi að reisa verulega tekjuvon á skattlagningu gamalmenna, og slíkur stuðningur við sjálfsbjargarviðleitni hinna öldruðu dregur úr þörfinni á beinni opinberri aðstoð við aldrað fólk. Hér er því í raun réttari um að ræða sérstakt form félagslegra aðgerða í þágu aldraðra og má skoða í því ljósi.